

FAX

**FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA
HÚSI VERSLUNARINNAR
KRINGLUNNI 7
103, REYKJAVÍK
SÍMI 588-8910 FAX 568-8441**

Alþingi

Erindi nr. Þ 119/63

komudagur 7/6 1995

DAGSSETNING: 1. júní 1995
VIÐTAKANDI: Nefndadeild
FYRIRTÆKI: Alþingi
FAX NÚMER: 563-0610
SENDANDI: Baldvin Hafsteinsson hdl.

Hjálagt:

**Athugasemdir ÍSLENSKRAR VERSLUNAR við frumvarp um lagabreytingar
v/ GATT/WTO**

**KOMIST SENDINGIN EKKI ÖLL TIL SKILA ÞÁ VINSAMLEGAST HAFIÐ
SAMBAND Í SÍMA 588-8910**



Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis,
b/t Ágústu H. Lárusdóttur
Þórshamri v/Templarasund,
101 Reykjavík

Samtökin ÍSLENSK VERSLUN hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

ÍSLENSK VERSLUN fagnar því að loks skuli hilla undir lokaáfanga samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Samtökin harna hins vegar að ótti sá og áhyggjur sem settar hafa verið fram í vetur varðandi tiltækna þætti samningsins hafi verið réttmætar.

Tilgangur Urugvæ viðræðanna var m.a. að auka frelsi í milliríkjaviðskiptum, sérstaklega með landbúnaðarvörur. Var að því stefnt, að lækka tollabindingar um þriðjung, frá 18,2% í 11,5%. Þess sjást hins vegar ekki merki, í nýframlögðu frumvarpi ríkisstjórnarinnar, að þetta takmark náist í einstaka þáttum ívilnana tilboðs Íslendinga, sérstaklega þegar horft er til landbúnaðarkafla þess. Samkvæmt tollviðauka I sem lagður er fram með ofanefndu frumvarpi, er hagur neytenda algerlega fyrir borð borinn og íslenskum landbúnaði tryggð einokun um ókomna tíð. Hínir háu verndartollar, eða ofurtollar, sem þar er að finna gera með öllu ómögulegt að halda hér uppi virkri samkeppni milli innlendra og innfluttra landbúnaðarafurða

Ofurtollar þessir eru réttlættir með því, að þeir séu mismunur á heimsmarkaðsverði annars vegar og heildsöluverði innanlandsframleiðslu hins vegar.

ÍSLENSK VERSLUN hafnar þessari skýringu alfarið. Hvort tveggja er, að hið svokallaða heimsmarkaðsverð er bæði óskýrt og óskilgreint hugtak. Það brýtur gegn þeirri meginreglu samningsins, að miða skuli við viðskiptaverð í tolli. Þá er auk þess tilgreint í viðauka 5 við landbúnaðarsamning GATT 1994, að miða skuli við meðaltal c.i.f. einingaverðs í innflutningi við umreikning yfir í tollígildi. Notkun heimsmarkaðsverðs er klárlega í andstöðu við það. Þá hafna samtökin með öllu, að til sé nothæft og marktækt heildsöluverð í landbúnaði. Slíkt verð getur aldrei myndast nema í frjálsri samkeppni á markaði, sem opinn er jafnt fyrir innlendum sem innflutum varningi. Slíkt



verð getur aldrei myndast í skjóli einokunar og tollmúra. Þær markaðsaðstæður hafa fráleitt verið fyrir hendi. Leyfum við okkur í þessu sambandi að benda sérstaklega á eitt dæmi, þar sem lagt er til að magntollar á sveppi í innflutningi verði kr. 400 á kg., enda þótt verð frá framleiðanda sveppa í dag sé vel innan við þessa fjárhæð. Þá á eftir að taka tillit til innkaupsverðs, flutningsgjalda og verðtolls, sem gert er ráð fyrir að verði 30%. ÍSLENSK VERSLUN óttast, að slík ofurvernd fyrir innlenda framleiðslu muni leiða til ákveðins viðmiðunarverðs fyrir innlenda framleiðendur, sem þeim verði óhætt að fara upp að. Það mun aftur leiða til verulegra verðhækkana, sem kann að kollvarpa þeim stöðugleika í efnahagsmálum sem náðst hefur á undanförmum árum.

Hvorki ÍSLENSK VERSLUN né aðildarfélag hafa verið höfð með í ráðum við útreikninga þessa. Áskilja þau sér allan rétt til að yfirfara þessa útreikninga og krefjast leiðréttinga á þeim ef með þarf.

Þá gera samtökin sérstaka athugasemd við það, með hvaða hætti magntollum í 6. kafla tollskrárinnar verður beytt. Er þar gert ráð fyrir að magntollar leggist á stykki en ekki kíló. Teljum við þetta með öllu óaðgengilegt og í algæri andstöðu við aðra þætti tollskrárinnar. Það er álit samtakanna, að þetta atriði eitt og sér verði uppspretta ótal deilna og ágreinings í innflutningi. Er þess krafist að viðkomandi magntollar verði bæði lækkaðir og miðaðir við kíló, eins og gert er annarsstaðar í tollskránni.

Samkvæmt sérstöku samkomulagi sem gert var við EB hefur verið heimilt að flytja inn tollfrjást, vissar tegundir af grænmeti og blómum á ákveðnum tímum ársins, þ.e.a.s. frá 1. nóvember til 15. mars, samkvæmt svokölluðum "cohesion" lista. Hvorki í frumvarpinu, né í greinargerð, er tekið á því hvernig að þessum málum verður staðið, komi lagabreytingar þessar til framkvæmda. Ekki kemur fram, hvort heimild þessi sé felld niður eða hvort hún muni falla undir listann um lágmarksaðgang. Það er krafa samtakanna, að 0% tollur verði aftur færður á viðeigandi staði í E dái tollskrárinnar eins og verið hefur. Jafnframt mótmæla samtökin því harðlega, að innflutningur samkvæmt þessum lista verði látinn telja á móti listanum um lágmarksaðgang.

Hvað varðar einstaka greinar frumvarpsins má að mestu vísa til þess sem hér er fram komið. Engu að síður vilja samtökin gera eftirfarandi athugasemdir:

2. gr. 2. mgr. frv. Samtökin telja grein þessa vera bæði óljósa og ónákvæma. Þannig er ómögulegt að gera sér grein fyrir hvort eingöngu sé verið að tala um hinar sérstöku verndarráðstafanir sem merktar eru SSG í ívilnana skrá, eða hvort hér er um frekari viðbætur við tolla að ræða.

3. gr. 2. mgr. frv. Samtökin telja æskilegt, að hér komi með afgerandi hætti fram, að 30% tollur sé heildartollur.



7. gr. 2. mgr. frv. Samtökin telja rétt að lögfest verði regla 7. tl. 5.gr. samningsins um landbúnað í GATT 1994, um að beiting SSG komi ekki til framkvæmda nema að undangenginni tilkynningu til landbúnaðarnefndar WTO með 10 daga fyrirvara.

Varðandi 15. og 17. gr. frv. leggja samtökin til að lögfest verði með hvaða hætti innflytjendur annarsvegar og fóðurkaupendur hins vegar fái endurgreidda fóðurtolla. Verði við það miðað, að tollarnir verði að fullu endurgreiddir til þessara aðila.

24. gr. frv. Samtökin leggja höfuð áherslu á að því samráði sem nú er til að dreifa varðandi innflutning á landbúnaðarvörum verði ekki raskað. Því er lögð þung áhersla á að ÍSLENSK VERSLUN fái tilnefningarrétt á amk. einum nefndarmanna skv. þessari grein.

Eins og fyrr segir, telur ÍSLENSK VERSLUN það framfararmál fyrir viðskipti og verslun í landinu, að lokastig lagabreytinga vegna stofnunar Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar skuli nú vera í nánd. Framangreindar athugasemdir telja samtökin engu að síður afar mikilvægar og leggja á það þunga áherslu að úr þeim verði bætt, áður en mál þetta verður endanlega afgreitt.

Reykjavík 6. júní 1995

Jóns Þór Steinarsson
framkvæmdastjóri BGS.

Stefán S. Guðjónsson
framkvæmdastjóri FÍS

Magnús E. Finnsson
framkvæmdastjóri KÍ.